


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	LISA3IS05 Námsáætlun – Haustönn 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Borghildur Ina Sölvadóttir	Sk.st.	BÍN
----------------	----------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir helstu stílbrigði sjónlista á Íslandi frá landnámi og fram á 20. öld í samhengi við þróun evrópskrar listasögu og tengsl listarinnar við þjóðfélagslegar forsendur á hverjum tíma. Farið er í gegnum helstu stíleinkenni og stefnur í tengslum við tíðaranda hvers tímabils og tæknilegar, félagslegar og landfræðilegar forsendur íslenskrar listsköpunar fyrr og nú rannsakaðar. Áhersla er lögð á að nemandinn nýti sér fjölbreytta miðla við upplýsingaleit og framsetningu verkefna.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu stíleinkennum í íslenskri myndlistarsögu
- verkum og hugmyndum helstu listamanna í íslenskri myndlistarsögu
- gildi þekkingar á íslenskri listasögu í alþjóðlegu samhengi
- hvernig samfélagsgerð, landfræðileg staða, veðurfar og tíðarandi hefur áhrif á hugmyndir, viðfangsefni og vinnuaðferðir myndlistarmanna

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna á skapandi hátt í einstaklings- og hópverkefnum áfangans og sýna frumkvæði
- taka þátt í samvinnu, upplýsingaöflun og samræðum í kennslustundum með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi
- beita innsæi, tilfinningu og sjálfstæðum vinnubrögðum við útfærslu verkefna
- beita faglegum hugtökum til að tjá sig um þekkingu sína á stíleinkennum, stílbrögðum og túlkunarleiðum í íslenskri listasögu

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur

aflað sér til að:


- tjá sig um strauma og stefnur í íslenskri myndlistarsögu og miðla þekkingu sinni á skýran og gagnrýninn hátt
- gera þekkingu sinni skil með margvíslegum hætti, skriflega, munnlega og með nýmiðlun
- taka þátt í uppbyggilegri og frjórri samræðu um verkefni sín og annarra ígrunda og rökstyðja mál sitt beita faglegum hugtökum til að tjá sig um þekkingu sína á stíleinkennum, stílbrögðum og túlkunarleiðum í íslenskri listasögu

Námsgögn:

Mynd á þili eftir Þóru Kristjánsdóttur, Huldukonur í íslenskri myndlist eftir Hrafnhildi Schram, Íslensk myndlist á 19. og 20. öld eftir Björn Th. Björnsson, Íslensk listasaga, 1. - 5. bindi, Icelandic art today auk bóka um einstaka listamenn og efni af vef s.s. heimasíður einstakra listamanna og safna.

Áætlun um yfirferð:

Í upphafi annar verður sett fram tímalína og íslensk listasaga sett í samhengi við alþjóðlega strauma og stefnur. Samhliða tímalínunni verður fjallað um stíleinkenni og listamenn sem hafa haft mótandi áhrif á þróun íslenskrar myndlistarsögu í gegnum tíðina.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SH.I		
Síða 2 af 2		
LISA3IS05		
Námsáætlun – Haustönn 2019		

Verkefni:

Í áfanganum er ætlast til þess að nemendur haldi **feril- og skissubók** þar sem þeir halda utan um verkefni sín og skrá ferli áfangans samviskusamlega.

Kjarnalistamenn: Í áfanganum verður fjallað um sjö listamenn sem hver með sínum hætti hefur haft áhrif á þróun, stefnu og strauða í íslenskri myndlist og nemendur vinna einstaklingsverkefni tengt hverjum þeirra.

Tímaverkefni: Í kennslustundum fá nemendur kynningu á íslenskum listamönnum, verkum þeirra og hvar þeir sóttu efnivið til sinnar sköpunar. Ýmsum nálgunum verður beitt við að vinna þessi verkefni og skrásetja þau í feril- og skissubók.

Listir miðalda og kirkjulistir: Tímaverkefni sem tengjast elstu listaverkum þjóðarinnar.


Sjálfsmat: Í lok áfangans leggur kennari fyrir sjálfsmatseyðublað sem nemendur skulu skila með feril- og skissubók í lok áfangans.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	Áfanginn er símatsáfangi .	
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
Verkefni tengt kjarnalistamanni.	Sjö verkefni, hvert þeirra gildir 5%. Skissur, tilraunir, skriflegar hugleiðingar, glósur, hugkort o.f.l.	35%
Tímaverkefni.	Ýmis verkefni unnin í tímum samhliða umfjöllun um listamenn og tímabil sem skulu skrásett í feril- og skissubók. Ekki er gefin einkunn fyrir hvert verkefni heldur skráð sem: <i>Skilað/Ekki skilað</i> .	25%
Listir miðalda og kirkjulistir.	Verkefni tengd elstu listaverkum þjóðarinnar.	5%
Feril- og skissubók.	Heildarferli áfangans skráð – grunnur að mati á virkni og ástundun.	30%
Sjáltsmat.	Í lok áfangans þurfa nemendur að leggja mat á nám sitt í áfanganum með því að fylla út sjálfsmatsblað.	5%
	Samtals:	100%
Annað: Ætlast er til þess að nemendur vinni í feril- og skissubókina sína jafnt og þétt yfir önnina og mun kennari taka bækurnar til yfirferðar á nokkurra vikna fresti.		

Síðasti skiladagur og opið hús á listnámsbraut :: 5. desember milli 20 og 21:30

Dagsetning: 19.08.19


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagsj. eða staðgengils